



Reykjavík
30. júní, 2020.

Sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit
b.t. Linda Björk Pálsdóttir.

Faxaflóahafnir sf.
b.t. Gísla Gíslasonar.

Efni bréfsins varðar stöðu mála hjá Vatnsveitufélaginu og einnig er vísað í fundargerð aðalfundar frá 30. júní 2020 og lagðar eru fram upplýsingar til notkunar við fjárhagsáætlanir eigenda fyrir næsta ár.

Vatnsveita Hvalfjarðarsveitar sf. hefur rekið vatnsveituna í rúmlega 5 ár og því gefst tækifæri á samanburði á vatnsnotkuninni á þessum árum, þ.e. 2015 – 2019.

Samkvæmt meðfylgjandi gögnum er vatnsnotkunin árið 2019 verulega minni en árið 2018. Tvö fyrstu árin eru við efri mörk þess sem lögnin annar í sjálfrennsli. Vatnsnotkun hjá Elkem jókst árin 2017 og 2018 sem var þvert á það sem stefnt hefur verið að en þessi notkun Elkem skýrir aukna vatnsnotkun á veitusvæðinu. Vatnsnotkun árið 2019, um 24 l/s, var hins vegar að töluvert minni vegna stöðvunar á ofnum hjá Elkem á árinu. Ákveðin hefur verið rekstarstöðvun á einum ofni hjá Elkem á þessu ári og verður því notkun væntanlega minni þetta árið einnig

Þessi staða hefur eftirfarandi í för með sér að mati stjórnar:

- Brýnt að halda áfram undirbúningi að fyrirhugaðri styrkingu á vatnsbólínu í Tungu eins og Vatnsveitufélagið hefur haft áform um.
 - Að í ljósi þurrkatíðar sem var 2019 við Laxá og við þær aðstæður að fullur rekstur verður hjá Elkem verður ekki horft fram hjá því að skoða iðnaðarvatnsveitu fyrir Grundartanga. Þetta er mál sem þarf að huga að af fullri alvöru og flýta aðgerðum. Framkvæmdum við iðnaðarvatnsveitu er áfangaskipt samkvæmt langtíma áætlun. Stærðargráðuna má sjá í eftirfarandi tölum. (Verðlag 2018)
- | | |
|---|---------------|
| ○ Iðnaðarvatnsveita, undirbúningur og hönnun | 10.000.000,- |
| ○ Iðnaðarvatnsveita, mótvægisáðgerðir | 15.000.000,- |
| ○ Iðnaðarvatnsveita, Eiðisvatn, virkjun og dæling | 60.000.000,- |
| ○ Iðnaðarvatnsveita, Birgðatankar | 32.000.000,- |
| ○ Iðnaðarvatnsveita, Endurnýting vatns. | 40.000.000,- |
| Samtals: | 157.000.000,- |



Stjórn Vatnsveitufélagsins hefur á fundi þann 9. júní, samþykkt fjárhagsáætlun næsta árs, 2021 og leggur jafnframt um leið fram langtímaáætlun til ársins 2029 sem var sömuleiðis samþykkt á áðurnefndum stjórnarfundum.

Framkvæmdaþættir áætlunarinnar eru í samræmi við það sem áður hefur verið áformað. Framkvæmdum hefur þó verið frestað undanfarin ár vegna hægari uppbyggingu á Grundartanga. Á yfirstandandi rekstrarári og á næsta ári er gert ráð fyrir að hefja undirbúning að styrkingu vatnsbóls í Tungu í samvinnu við Elkem Ísland og að undirbúningur vegna iðnaðarvatnsveitu verði hafinn í beinu framhaldi (2022).

Verðskrá félagsins var staðfest óbreytt á fundinum þann 9. júní. Verðskráin tekur breytingum í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

Atriði vegna fjárhagsáætlana eigenda.

Með vísan í það sem hér kemur fram að framan er ekki gert ráð fyrir fjárframlögum eigenda vegna framkvæmda á árunum 2020 og 2021, einungis vegna hallareksturs veitunnar fyrri árið samkvæmt áætlun. Félagið á í sjóði fyrir undirbúningi og framkvæmdum þessa árs og þess næsta.



Þannig að nú er eingöngu óskað eftir að hvor eignaraðili greiði kr. 95.000,- við fyrsta tækifæri vegna hallareksturs í samræmi við áætlanir félagsins.

Þá munu fljótlega verða sendir reikningar vegna umsaminnar sölu vatns til hvors eiganda veitunnar, Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna (miðað er við 3 l/s til hvors aðila).

f.h. stjórnar Vatnsveitufélagsins


Guðmundur Eiríksson

Vatnsnotkun á Grundartanga og í Melahverfi I/s 2015 - 2019



Vatnsnotkun I/s	Elkem mælir í dælustöð (Elkem)	Færíban dagangur nær sjó (Elkem)	Færíban dagangur nær landi (Elkem)	Starfsma nnaðasta ða (Elkem)	Norðurál mælir í dælustöð	Héðinn	GMR	Lífland	Stálsmiðja / Framtak	Alur málmbr æðsla	Klafi	Rafmiðlu n	Snókur	Hamar	Faxafloa hafnir á hafnarsv æði	Melahre rfi mælir í brunni á Landsnet Galtarho itsmelu m
2015	17,987	0,045	0,000	0,010	5,241	0,014	1,074	0,118	0,022	0,000	0,004			0,025	0,643	1,274
2016	18,341	0,066	0,000	0,001	5,131	0,007	1,058	0,117	0,022	0,000	0,004			0,024	0,476	1,133
2017	23,083	0,104	0,000	0,001	5,383	0,006	0,106	0,117	0,004	0,003	0,004		0,002	0,019	0,100	1,037
2018	24,031	0,061	0,000	0,001	5,585	0,006	0,138	0,101	0,004	0,007	0,003	0,008	0,021	0,019	0,215	1,449
2019	15,801	0,053	0,000	0,002	5,825	0,005	0,013	0,096	0,004	0,005	0,003	0,006	0,049	0,016	-0,016	0,645



30. júní, 2020.

Aðalfundur í Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar sf.

Fundurinn haldinn í Stjórnsýsluhúsinu í Hvalfjarðarsveit, **kl. 15:00 þann 30. júní 2020.**

Dagská er eftirfarandi.

1. Skýrsla um hag og rekstur félagsins á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir starfsárið lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar í samræmi við 6. gr.
3. Meðferð hagnaðar eða taps félagsins á rekstrarárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
5. Ákvarðanir um langtímaáætlanir félagsins.
6. Lýst kjöri stjórnar félagsins, sbr. gr. 5.1.
7. Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. gr.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru boðin upp.